

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 27. júlí 2023
UST202307-226/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing- Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 Ægissíða - Stekkatún

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 19. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Ægissíðu.

Í greinargerð kemur fram breytingin gangi út á að skilgreina nýtt 6,4 ha verslunar- og þjónustusvæði á Ægissíðu 4, á svæði sem nefnt er Stekkatún og koma upp 12 smáhýsum/kúluhúsum ásamt þjónustuhúsi. Minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur